



Rennslisspárnefnd 1. fundur haldinn 2.
september 1980 á Orkustofnun

Laufey Bryndís Hannesdóttir

Greinargerð LH-80/01

Rennslisspárnefnd 1. fundur. Haldinn 2. september 1980 á Orkustofnun.

| | | |
|---------|------------------------|--------------|
| Mættir: | Haukur Tómasson | Orkustofnun |
| | Snorri P. Kjaran | Orkustofnun |
| | Kristinn Einarsson | Orkustofnun |
| | Laufey B. Hannesdóttir | Orkustofnun |
| | Birgir Guðmannsson | Landsvirkjun |
| | Elias Eliasson | Landsvirkjun |
| | Ólafur Jensson | RARIK |
| | Sten Bergström | SMHI Svíþjóð |
| | Magnus Persson | SMHI Svíþjóð |

- Dagskrá:
1. Setja Rennslisspárnefnd
 2. Verksvið Rennslisspárnefndar
 3. Vatnafræðimódel HBV
 4. Efri-Þjórsár

Haukur Tómasson bauð gestina two frá Svíþjóð velkomna, þá Sten Bergström vatnafræðing og Magnus Persson veðurfræðing. Hann kynnti fundarmenn og stofnanir þær er þeir eru frá, síðan var tekið til við fyrsta dagskráratríði.

- 1 Haukur Tómasson setti Rennslisspárnefnd og er hún skipuð fulltrúum frá þremur stofnunum, Orkustofnun, Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins. Fulltrúar Orkustofnunar í nefndinni eru Snorri P. Kjaran og Sigurjón Rist. Frá Landsvirkjun eru það Elias Eliasson og Birgir Guðmannsson en frá RARIK Ólafur Jensson og Guðjón Guðmundsson eins og síðar kom fram.
- 2 Haukur Tómasson lýsti þannig markmiði nefndarinnar: Markmið nefndarinnar er að sjá um að gerðar verði rennslisspár fyrst um sinn með erlendum aðferðum. Í framtíðinni verði þessar aðferðir aðlagðar íslenskum aðstæðum og notaðar til að spá fyrir um rennsli til stutts og/eða langs tíma.
- 3 Sten Bergström lýsti vatnafræðimódelinu, sem kennt er við HBV (Hydrologiska Byrån Vattenbalansafdelingen). Einnig sagði hann þá reynslu þeirra

1980-09-23

á SMHI við rennslisspár. Hann nefndi að skipulagið á söfnun upplýsinga um veður og rennsli væri mikilvægara en vatnafræðimódelið sjálft. Umræður urðu um hvað rennslisspár gætu kostað og hverjir ætla að bera kostnaðinn.

- 4 Ákveðið var að Bergström og Persson aðlagi HBV-módelið að Efri-Þjórsá. Tilgangur ferðar þeirra hingað til lands var að kynnast vatnafræði svæðisins og afla vatnafræðilegra upplýsinga til að geta aðlagað módelið.

Næsti fundur var ákveðinn föstudaginn 5. september 1980.

Fundi slitið.